

Skólaráðsfundur 16. febrúar 2023,

Mættir: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri, Jóhann Gunnar fulltrúi kennara, Hulda H fulltrúi kennara, Vordís Heimisdóttir fulltrúi starfsmanna, Magnea Ósk fulltrúi foreldra, Hilma Hólmfríður Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, fulltrúi grenndarsamfélagsins, Íris Björk fulltrúi nemenda og Frosti Kjartan fulltrúi nemenda og Hámundur Örn framkvæmdarstjóri UMFN.

1. Kynning frá fulltrúum nemendaráðs um starf ráðsins. Margar góðar hugmyndir og nemendaráð fær hrós fyrir flotta vinnu. Umræður um ársátíð unglíngastígs og mikinn áhuga á skák. Fulltrúar foreldrafélagsins óska eftir hugmyndum nemendaráðs um hvað er hægt að gera til að styrkja bekkjarbrag í hverjum bekk.
2. Ásgerður skólastjóri fór yfir skóladagatal næsta skólaárs, útskýrði hvernig það er sett upp. Skóladagatal borið upp til samþykktar og samþykkt af öllum. Fulltrúar skólaráðs skrifuðu undir skjal þess efnis sem er sent til Fræðsluráðs Reykjanesbæjar.
3. Ásgerður fór yfir vinnu við fjárhagsáætlun skólans. Búið að vinna viðhaldáætlun skólans og senda inn til umhverfis- og skipulagssviðs.
4. Önnur mál:
  - a. Skólaþing nemenda – var á sal í vikunni, tvískiptur hópurinn, tókst frábærlega, nemendur mjög virkir og margar góðar hugmyndir. Skólaþing sem var 17. janúar tókst líka vel en var ekki vel sótt. Rætt um hugmyndir til að fá fleiri til að mæta.
  - b. Ásgerður sagði frá öryggismyndavélakerfi sem er komið í skólann. Ekki búið að tengja kerfið en þegar það er komið í gang þá verða forráðamenn upplýstir með tölvupósti.
  - c. Hilma ræddi um ferðalög sem nemendur eru að fara með fjáraflanir, að foreldrahópurinn fái stuðning frá kennurum varðandi skipulag. Hægt að vera með fjáraflanir á t.d. sýningum og skertum dögum.
  - d. Hrós fyrir þemadagana, efnið höfðaði vel til nemenda og sýning í lokin tókst vel.
  - e. Nemendaráð óskar formlega eftir að opna tik-tok aðgang, nemendaráð í öðrum skólum er með slíkan aðgang. Nemendaráð er með Instagram aðgang og hafa verið dugleg að setja þar inn viðburði. Rætt um að setja slóðina á slíkum reikningum á heimasíðu skólans.
  - f. Ósk um að hafa fundartíma frá 14:30.
  - g. Stefnt er að hafa næsta fund 21. mars 2023 kl. 14:30.

Fundarritun: Guðný Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri.